



128. fundur Stúdentaráðs

Priðjudagur 9. desember 2025 kl. 17:00

Fundarritari: Bríet Stefanía

Mættir:

Dagbjört Elva (Forseti), Bríet Stefanía (Varaforseti), Rakel Sif (Fjármálastjóri), Rebecca Lísbet, Sara Lind, Aldís Mjöll, Guðrún Mist, Hilmar Örn, Jóhannes Már, Aðalbjörn, Katla Ósk, Steindór, Rakel Rún og Örvar

Fundur settur: 17:01

Dagskrá 128. fundar

Fréttahringur

- Hilmar og Aldís fóru fyrir hönd SHA á Bessastaði 1. desember og var það alveg frábær upplifun.
- Haldið verður próflokadjamm fyrir skiptinemana

Silja Rún með erindi

- Verið er að vinna að samskiptastefnu stúdenta og með því verður búið til fyrir stúdenta „nice to know“ og „need to know“. Komið var með hugmynd að hafa „need to know“ á Canvas og mögulega á Smáuglu appinu og að hafa „nice to know“ á samfélagsmiðlum.
- Verið er að taka í gegn handbók stúdenta og Silja vildi hvetja okkur að koma með tillögur að breytingum

Fræðslustyrkur

- Okkur barst fræðslustyrkur vegna ferðakostnaðar á Gæðaþing LÍS, þar sem aðilinn ætlar að taka flug í staðinn fyrir að keyra. Það kom upp hugmynd að styrkurinn myndi frekar koma úr LÍS sjóð SHA heldur en fræðslustyrknum þar sem LÍS verður haldið á Akureyri.
- Það var samþykkt einróma að taka frekar úr LÍS sjóðnum
- Fræðslustyrkurinn var samþykktur einróma

Stóra vísó

- Við vildum hvetja alla að setja inn ferðirnar sem fyrst svo hægt sé að byrja að plana rútuferðirnar.

Árshátíð

- Farið var lauslega yfir árshátíð SHA 2026

Litlu jól SHA

- Litlu jól SHA verða næsta þriðjudag og við vonumst til að halda þau í Borgum

Önnur mál

- Rætt var um umgengni í skólanum, það þarf að ganga betur um sérstaklega í prófatíð.

Fundi slitið 18:07